Marlboro mest selda sígarettan

• Nýlega hófst haustauglýsingaherferð hjá E. Th. Mathiesen hf., sem hefur umboð fyrir Philip Morris sér á landi. — Sölustjóri þess fyrirtækis á Norðurlöndum, Olaf Stallberg, kom til landsins af þessu tilefni og hitti fréttamenn að máli á dögunum.

Einar Th. Mathiesen tók við umboði bandarísku tóbaksfyrirtækisins 1966 og hefur síðan verið unnið skipulega að markaðsmálum m.a. með auglýsingum á Marlboro og Philip Morris Multifilter. Reyndar höfðu sígarettur frá Philip Morris lengi verið seldar á Íslandi.



Að sögn Olafs Stallbergs vinna filtersígarettur stöðugt á hérlendis. Árið 1964 var sala þeirra 4% af heildarsölu en er nú komin upp í 30%. Þau tóbaksmerki sem fáanleg eru hér á landi af framleiðsluvörum Philip Morris eru: Marlboro filter í Flip Top pakka, Philip Morris Multifilter í Flip Top plastik pakka, Roy án filters, Parliament filter soft pakkar og Revelation píputóbak.

Sígarettur Philip Morris eru útfluttar frá verksmiðjunum í Virginia og Kentucky og þær eru framleiddar af verksmiðjum Philip Morris í Kanada, Sviss, Guatemala, Venezúela, Austurríki, Finnlandi, Frakklandi, Þýzkalandi, Hollandi, Hong-Kong, Indlandi, Ítalíu, Nýja Sjálandi, Panama og Filipseyjum. Marlboro er mest selda ameríska sígarettan.

10924031 1

(15)

Source: https://www.industrydocuments.ucsf.edu/docs/qqjk0000